

Húsreglur fyrir Árborg

1. gr.

Reglur þessar gilda um leiguíbúðir Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir aldraða Aðalstræti 20-22. Reglurnar gilda um íbúa hússins og gesti þeirra og hafa að geyma fyrirmæli um afnot og hagnýtingu sameignar þess og umgengni um hana og um skyldur leigjenda gagnvart hver öðrum og eiganda (leigusala).

2. gr.

Íbúum er skylt að ganga þrífalega og hljóðlega um sameiginlegt húsrými skal þess jafnan gætt að valda öðrum íbúum hússins sem minnstu ónæði og óþægindum og taka fullt tillit til sambýlisfólksins í allri umgengni. Íbúar skulu ekki nota sameiginlegt húsrými sem geymslupláss fyrir persónulega muni.

3. gr.

Frá kl. 23:00 til 07:00 má enga háreysti hafa er raskað gæti svefnfrið fólks í öðrum íbúðum.

4. gr.

Útidyr skulu vera að öllu jöfnu læstar frá kl. 22:00 til 07:00.

5. gr.

Íbúar hafa afnot af sameiginlegu þvottahúsi samkvæmt tímaplani sem húsvörður sér um að setja upp.

6. gr.

Reykingar er með öllu bannaðar í sameiginlegu rými hússins.

7.gr.

Gæludýrahald er ekki leyft í húsinu.

Samþykkt í Velferðarráði 14. febrúar 2012 og Bæjarstjórn 29. mars 2012